

Viðbragðsáætlun hitaveitna.docx

Viðbragðsaðilar og hlutverk

Neyðarstjórn Rarik

- Samskipti við fjölmiðla
- Aðstoð við vettvangsstjórnun
- Samskipti við lögreglu, slökkvilið, sjúkralið og/eða björgunarsveit eftir þörfum
- Tryggja að fjarskipti séu virk, einnig stjórnkerfi
- Samskipti við aðrar veitur uppá aðstoð, t.d. lán á varaefni
- Samskipti við viðeigandi sveitarfélög
- Öryggisstjórnun

Svæðisvakt/Stjórnstöð

- Almenn eftirlit með vinnslu vatns og dreifingu
- Koma auga á bilanir og stærri rekstrarörðuleika
- Aðstoða eftir þörfum í stjórnkerfi

Deildarstjóri hitaveitna

- Vettvangsstjórnun
- Verðmætabjörgun

Verkstjórar og vinnuflokkar viðeigandi hitaveitu

- Bilanagreiningar, viðgerðir og fl.

Verkstjórar og vinnuflokkar annarra svæða

- Aðstoða eftir þörfum

Jarðvarmaveitur

Vatnsskortur

Dæmi um orsakir: Lekar á pípulögnum, hluti af vinnslukerfi óvirkur, bilanir í dælustöðvum, minni afköst frá borholudælu.

Neyðarstjórn Rarik

- Samskipti við fjölmiðla og fréttir á rarik.is
- Semja við sundlaugar um að loka fyrir á meðan vatnsskortur stendur yfir
- Önnur aðstoð í samráði við deildarstjóra

Svæðisvakt/stjórnstöð

- Tilkynna viðskiptavinum vatnsskort

Aðgerðastjórnun og bilanagreining

Leki á stofnæð:

1. Athuga hvort það sé eðlilegt flæði úr jöfnunartanki
2. Staðsetja lekann, sjá t.d. út frá stjórnkerfi milli hvaða tveggja punkta þrýstingurinn fellur og/eða nota hitamyndavél
3. Laga leka

Borhola / borholubúnaður í hluta kerfis óvirkur:

1. Gangsetja varadælu/holu ef hún er fyrir hendi
2. Ástandskoða óvirka holu/dælubúnað

3. Mæla vatnsyfirborð
4. Tilfelli:
 - a. Fari dæla ekki af stað eftir að hafa verið óvirk í skemmri eða lengri tíma, prófa skal að hreyfa dæluna upp og niður með stilliró í þeim tilgangi að losa hana ef hún er föst
 - b. Stöðvist dæla í venjulegum rekstri skal byrja á að skoða mótórin og skipta um hann þyki ástæða til
 - c. Skoða skal hvort smurvatnsdæla sé í gangi, skoða smurvatnssíu
 - d. Teljist mótórin í lagi skal taka dæluna upp
 - e. Eftir upptöku skal setja strax niður varadælu og nýja strengbúta eftir þörfum
5. Sé vatnsyfirborð komið fyrir neðan dælu skal meta í samráði við ÍSOR hvort lækka megi dæluna og þá hversu mikið (sérstaklega ef dæla er fyrir neðan fôðringu).

Bilun í dælustöð:

1. Dælustöð nær ekki að byggja upp þrýsting
2. Ef bara önnur dælan er í gangi, þá skal ræsa hina
3. Ástandsskoða dælu og laga eftir þörfum

Minni afköst frá borholudælu:

1. Taka dælu upp og ástandsskoða
2. Setja niður varadælu við fyrsta tækifæri

Vatnsleysi

Dæmi um orsakir: Náttúruhamfarir, lekar á pípulögnum, vinnsluhola óvirk (ef ein í vinnslu).

Neyðarstjórn Rarik

- Samskipti við fjölmiðla og fréttir á rarik.is
- Sé ástand slæmt (vatnslaust til lengri tíma í frosti), skal neyðarstjórn gera ráðstafanir til að veita varma með öðrum leiðum, t.d. með rafkyndingu
- Önnur aðstoð í samráði við deildarstjóra hitaveitu

Svæðisvakt/stjórnstöð

- Tilkynna viðskiptavinum vatnsskort

Aðgerðastjórnun og bilanagreining

- Halda vatni í lögnum og eða frostfríum
 - Loka fyrir flæði frá jöfnunartanki að dreifikerfi (dreifikerfismegin) til að passa að lögnin falli ekki saman (á við ef það er ekki vacuum breaker til staðar)
 - Halda vatni í stofni ef bilun er til skamms tíma til að auðvelda gangsetningu (forðast að lögnin fyllist að lofti)
 - Halda vatni í stofni að mestu ef bilun er til langs tíma, þ.e. seytla úr lögn þannig hún tæmist hægt sem á að koma í veg fyrir frýstingu í lögn og einnig í að hún geti fallið saman

Fjarvarmaveitur

Vatnsskortur

Dæmi um orsakir: Náttúruhamfarir, leki á stofnæðum og/eða dreifikerfi, slitin/biluð dæla, ketill bilaður.

Neyðarstjórn Rarik

- Samskipti við fjölmiðla og fréttir á rarik.is
- Semja við sundlaugar um að loka fyrir á meðan vatnsskortur stendur yfir
- Önnur aðstoð í samráði við deildarstjóra hitaveitu

Svæðisvakt/stjórnstöð

- Tilkynna viðskiptavinum vatnsskort

Aðgerðastjórnun og bilanagreining

1. Staðsetja leka
2. Loka fyrir dreifikerfi þar sem lekann er að finna
3. Lagfæra skal leka svo fljótt sem unnt er, með varaklemmu ef þörf er á

Kalt vatn

Dæmi um orsakir: Ketill bilaður, vantar salt í vatn fyrir leiðni.

Neyðarstjórn Rarik

- Samskipti við fjölmiðla og fréttir á rarik.is
- Aðstoða við leit að varahlutum ef þörf er á
- Önnur aðstoð í samráði við deildarstjóra hitaveitu

Svæðisvakt/stjórnstöð

- Tilkynna viðskiptavinum stöðuna

Aðgerðastjórnun og bilanagreining

1. Keyra olíuketil á meðan lagfæring á sér stað á rafmagnskatli
2. Ef leiðnin er lág þá skal bæta salti út í vatnið
3. Ástandsskoða ketil, tengingar í ketil og laga eftir þörfum

Vatnsleysi

Dæmi um orsakir: Eldsvoði, náttúruhamfarir, leki á stofnæðum og/eða dreifikerfi, slitin/biluð dæla, ketill bilaður, rafmagnsleysi (frá dreifikerfi og varafli)

Neyðarstjórn Rarik

- Samskipti við fjölmiðla og fréttir á rarik.is
- Sé ástand slæmt (vatnslaut til lengri tíma í frosti), skal neyðarstjórn gera ráðstafanir til að veita varma með öðrum leiðum, t.d. með rafkyndingu
- Önnur aðstoð í samráði við deildarstjóra hitaveitu

Svæðisvakt/stjórnstöð

- Tilkynna viðskiptavinum vatnsskort –

Aðgerðastjórnun og bilanagreining

1. Laga ef við á; Stofnlögn, ketill, dælur o.fl.
2. Sé tjón algjört, skal panta inn með flýti lágspennukatla og koma fyrir í tímabundinni aðstöðu, t.d. í gámum, ef mögulegt er
3. Sé rafmagnslaut og varaafsvélar í kyndistöð fara ekki í gang, skal kalla eftir meðfærilegri varaafsstöð sé vandamálið stærra en olíuleysi